

Skólaráðsfundur

FUNDARGERÐ	Tílefni fundar Annar fundur skólaráðs		
Dags. fundar 9. nóvember 2012	Tími (08:10 – 10:00)	Staður Skrifstofa skólastjóra, Hjalla	Nr. fundar 2
Fundarboðandi Sigrún B.	Fundarritari Sigrún Guðm.	Fundarstjóri Sigrún B.	Fj. bls. 1

Boðaðir voru: Sigrún Bjarnadóttir, Anna Guðný Björnsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Hallgrímur Geir Gylfason, Selma Guðmundsdóttir, Ragnheiður Bóasdóttir, Össur Geirsson, Guðrún Kara Valgarðsdóttir og Anna Björg Friðriksdóttir.
Mættir voru: Allir boðaðir.
Málefni fundar: <ol style="list-style-type: none"> 1. Starfsáætlun 2. Teymisvinna 3. Grænfáninn 4. Námsmat 5. Skólastefna Kópavogsbæjar 6. Stefna Kópavogsbæjar í upplýsingatækni í grunnskólum 7. Önnur mál

Málefni	Niðurstaða
1. Starfsáætlun	Farið yfir hvað betur megi fara í Starfsáætluninni og athugasemdir komu frá fundarmönnum.
2. Teymisvinna	Mat á skólastarfi. Vinna sem ekki var kláruð síðasta vor en verið er að fara yfir niðurstöður núna. Drög að skýrslu komin en það þarf lokapunktinn. Aðgerðaráætlun skólans unnin að hluta til út frá skýrslunni. Kom fram að gera þarf kannanir tímanlega svo náist að skila skýrslum í byrjun júní. Samræmd foreldrakönnun í öllum skólum í Kópavogi. Skólapúlsinn aðeins ræddur.
3. Grænfáninn	Skólinn er að fara af stað með vinnu með Grænfánann. Fyrsti fundur verður haldinn eftir 2 vikur. Afmörkuð verkefni sem fara fyrst af stað. Öll innkaup skólans eru gerð með hugmyndir Grænfánans að leiðarljósi.
4. Námsmat	Námskeið hjá Menntasviði sem tveir deildastjórar skólans og fjórir kennarar sækja. Skipulagsdaginn 19. nóvember verður Jón frá Giljaskóla á Akureyri fenginn til að vera með fyrirlestur og segja frá vinnu þeirra með námsmat og hvernig þeir hafa unnið en Giljaskóli er langt kominn með breytingar á námsmati. Hugmyndin er að einhverjir árgangar í Álfhólsskóla verði búnir að innleiða breytingar fyrir næsta foreldraviðtal, stefnt að því.
5. Skólastefna Kópavogsbæjar	Sigrún kynnti skjalið um skólastefnuna en það verður send á kennara skólans og þeir beðnir um að skila inn athugasemdum.
6. Stefna Kópavogsbæjar í upplýsingatækni	Skjal um stefnu Kópavogsbæjar í upplýsingatækni í grunnskólum lagt fyrir og farið í gegnum það. Framtíðarsýn, þráðlaust net. Mynda þarf ákveðna stefnu varðandi það hvort leyfi eigi almennt að nemendur komi með eigin búnað í skólann.
7. Önnur mál	Rætt um þjófnað í skólanum en forvarnarfulltrúi lögreglunnar er búinn að koma í skólann og ganga í alla bekkir og hefur gæsla verið aukin til muna. Farið í gegnum niðurstöður samræmdra prófa. Sérstaklega ánægjuleg útkoma 4. bekkjar í íslensku sem er vel yfir landsmeðaltali. Þessi árgangur hefur verið þátttakandi í þróunarverkefni innan skólans Læsi síðustu tvö ár og er sú vinna aldeilis að skila sér, glæsilegur árangur. Spurt um sameiginlegan fund skólaráðs, stjórn foreldrafélagsins og nemendaráðs en ákveðið hefur verið að hafa hann eftir áramót.